

## Tillaga til þingsályktunar

### um skjaldarmerki frá 1881 á framhlið Alþingishússins.

Flm.: Birgir Þórarinsson, Ásmundur Friðriksson, Óli Björn Kárason.

Alþingi ályktar að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að setja upp að nýju skjaldarmerki sem prýddu framhlið Alþingishússins á vígludegi þess 1. júlí 1881.

#### Greinar gerð.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til að skjaldarmerkin sem prýddu Alþingishúsið á vígludegi þess árið 1881 verði sett upp að nýju. Um er að ræða tvö skjaldarmerki, annars vega hinn krýnda þorsk Íslands og hins vegar hin krýndu ljón Danmerkur. Markmiðið með tillögunni er að færa framhlið hússins í upprunalegt horf og halda í heiðri eigin sögu, sem mikilvægt er og skylt að varðveita.

Endurbætur á Alþingishúsini á umliðnum árum hafa miðast að því að húsinu verði komið í því sem næst upphaflegt horf. Þessi tillaga miðar að sama marki. Komandi kynslóðir eiga rétt á því að þekkja söguna og þau mannvirki og kennileiti sem bera henni vitni, þar á meðal Alþingishúsið í upphaflegri mynd. Á meðfylgjandi teikningu af húsinu má sjá umrædd skjaldarmerki hvort sínum megin við svalagluggann.

